

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

236. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **8. maí 2014, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Neðra-Vatnshorn, setja upp eina gámaeiningu fyrir gistingu.
2. Erindi: Fyrirspurn sveitarstjórnar með bréfi dags. 29. apríl 2014 til Skipulags- og Umhverfissráðs varðandi Hafnarbraut 3.
3. Erindi: Fyrirspurn sveitarstjórnar með bréfi dags. 30. apríl 2014 til Skipulags- og Umhverfissráðs varðandi viðmið um hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi: Skúli Þórðarson f.h. Húnaþings vestra vegna framkvæmda við Íþróttamiðstöð.
5. Erindi: Stofna lóð úr land Litla-Ós fyrir dæluhús.
6. Erindi: Framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn í jörðu frá Litla-Ósi að Gauksmýri.

Afgreiðslur:

1. Neðra-Vatnshorn, Inr. 144493, Andrea Laible f.h. Rúnars Bragasonar, kt. 230957-5099, Neðra-Vatnshorn, 531 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 6. maí 2014, um leyfi til að setja upp eina gámaeiningu fyrir gistingu, skv. uppdráttum gerðum af Bjarna Þór Einarssyni byggingatæknifræðingi.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

2. Fyrirspurn sveitarstjóra með bréfi dags 29. apríl 2014 til Skipulags- og umhverfissráðs. Á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 16. apríl sl. var eftirfarandi m.a. samþykkt.
„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að beina þeirri fyrirspurn til skipulags- og umhverfissráðs hvort ráðið leggi til við sveitarstjórn að Hlöðunni ehf. verði veitt undanþága vegna umsóknar félagsins um útgáfu byggingarleyfis til breytingar á innra skipulagi fasteignarinnar að Hafnarbraut 3 á Hvammstanga þar sem umrædd fasteign er á þéttbýlisuppdrætti fyrir Hvammstanga skv. gildandi aðalskipulagi á svæði sem skilgreint er sem hafnarsvæði? Í drögum að Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 er hins vegar gert ráð fyrir því að umrætt svæði verði skilgreint sem hafnar- og þjónustusvæði.“
Skipulags- og umhverfissráð stendur við afgreiðslu sína frá 234. fundi þann 3. apríl síðastliðinn og telur að fyrirhuguð starfsemi að Hafnarbraut 3 fari vel saman við þá starfsemi sem nú þegar er á svæðinu og skerði svæðið ekki frekar en sú starfsemi sem fyrir var í húsnæðinu.

3. Fyrirspurn sveitarstjórna með bréfi dags 30. apríl 2014 til Skipulags- og umhverfissráðs, viðmið um hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar.
Á fundi sveitarstjórnar Húnaþing vestra þann 16. apríl sl. var eftirfarandi m.a. samþykkt.
„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, að fyrirhugaðar framkvæmdir við skógrækt á Torfastöðum í Húnaþingi vestra, sbr. bréf Norðurlandsskóga dags. 24. febrúar sl., séu ekki framkvæmdaleyfisskyldar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra felur skipulags- og umhverfissráði að móta tillögu um viðmiðanir hvað teljist meiriháttar framkvæmdir á sviði skógræktar og skuli þess vegna vera framkvæmdaleyfisskyldar. Í þessu samhengi er m.a. vísað til tölvupóstbréfs Sesselju Árnadóttur hjá KPMG dags. 16. apríl 2014.“
Skipulags- og umhverfissráð frestar erindinu.

Tekið á dagskrá:

4. Hlíðarvegur 6, Íþróttamiðstöð Húnaþing vestra, lnr. 144257, Skúli Þórðarson f.h. Húnaþing vestra, kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 5. maí 2014, um leyfi til að setja upp vatnsrennibraut, byggja tæknirými fyrir vatnsrennibrautina og breyta girðingu vegna þeirra framkvæmda, skv. meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Tæknideild Húnaþing vestra. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

5. Litli-Ós, Gunnar Örn Þorvaldsson, kt. 120255-0029 og Gréta Jósefsdóttir, kt. 210255-5759, Litla-Ós, 531 Hvammstanga. Sækja, með erindi dags. 5. maí 2014, um leyfi til að stofna lóð úr landi Litla-Ós, lnr. 144488, sem mun heita Litli-Ós Hhv dælustöð, mh 12 og verður 43,2 m² að stærð, samkv. uppdráttum gerðum af Verkfræðistofunni Stoð ehf, Aðalgötu 21, 550 Sauðárkróki. Hjálagt með umsókn; umsókn um stofnun fasteigna í fasteignaskrá - ný lóð/nýjar lóðir, eyðublað F-550, uppdráttur af lóðinni, teikning merkt S01. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið en bendir á að sækja þarf um leyfi hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti svo hægt sé að taka lóðina úr landbúnaðarnotkun.

6. Framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn í jörðu frá Litla-Ósi að Gauksmýri. Skúli Þórðarson f.h. Húnaþing vestra, kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 7. maí 2014, um framkvæmdaleyfi fyrir að leggja hitaveitulögn í jörðu frá stofnæð hitaveitunnar við Litla-Ós og að Gauksmýri í Línakradal. Lýsing á framkvæmd, lagnir í jörðu eru ca. 6400 metra stofn- og heimæðalagnir, dæluhús verður reist á nýrri lóð úr landi Litla-Ós Hhv dælustöð. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í byrjun júní og ljúki um miðjan september 2014. Hjálagt með umsókn; afstöðumynd og uppdrættir af framkvæmdinni og samþykki landeigenda. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn, þar með talið umsögn minjavarðar og umhverfisstofnunar.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþing vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:55

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign.),
Unnsteinn Andrússon (sign.),
Gísli Kjartansson (sign),

Erla Kristinsdóttir (sign.),
Anna María Elíasdóttir (sign.),
Vígundur Gunnþórsson (sign.),